

Stéttarsamband bænda

Bændahöllin – Hagatorgi 1 – Sími 630300 – Pósthólf 7040 – 127 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 117 / 383

komudagur 14/12 1993


Reykjavík 13. 12. 1993.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Þórshamri
150 Reykjavík

Sendi hér með samantekið yfirlit um afstöðu Stéttarsambands bænda gagnvart einstökum þáttum frumvarps um breytingar á skattalögum, sem liggur nú fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Virðingarfyllst.

f.h. Stéttarsambands bænda



Gunnlaugur Júlíusson

Minnisblað til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vegna frumvarps um breytingar í skattamálum

1. Tvö þrep á VSK.

Á miðju ári 1993 var ákveðið af stjórnvöldum í sambandi við kjarasamninga að taka upp tvö þrep á VSK um áramótin 1993/1994.

Stéttarsamband bænda hefur alla tíð frá því söluskattur og síðan virðisaukaskattur var lagður á matvæli, talað fyrir því að skatturinn væri lagður á í tveimur þrepum, og matvæli höfð í því lægra. Það er í samræmi við skattastefnu flestra Evrópuþjóða, þar sem matvæli eru annaðhvort með mjög lágum VSK (4 - 7%) eða engum (0.0%) VSK en hærri VSK lagður á aðrar vörutegundir í gegnum eitt eða fleiri skattþrep. Þau rök sem sett hafa verið fram um að tveggja þrepa kerfi á VSK sé illfrankvæmanlegt, verða að skoðast í þessu ljósi.

Sú aðferð sem boðuð var við upptöku söluskatts og síðar VSK, að niðurgreiða matvæli, hefur ekki haldið nema að hluta til. Sérstakar niðurgreiðslur, sem áttu að koma í kjölfar sérstaks skattþreps, höfðu tilhneigingu til að lækka smám saman að raungildi, þannig að skattlagningin jókst að sama skapi.

Í kjölfar kjarasamninga á sl. sumri voru niðurgreiðslur á mjólkurvörum, svínakjöti, kjúklingum og eggjum auknar, þannig að verð varanna lækkaði þá þegar. Því munu áhrif skattkerfisbreytingarinnar fyrst og fremst koma nú fram í þeim vörum sem mikið eru unnar, svo sem unnum kjötvörum, svo dæmi séu nefnd. Það má ganga út frá því að þeim mun meira sem varan er unnin, þeim mun meiri munu áhrif tveggja þrepa VSK hafa á verð hennar. Smjör, mjöl- og brauðvörur munu lækka um 8.5%.

Fram kemur að vörugjald muni lækka á ávaxtasafa, gosdrykkjum, kakódufti, sælgæti og kexi lækka um 3 - 5% vegna lækkunar vörugjalds. Eðlilegt er að spyrja hvort það sé eðlileg stefna út frá mannelldissjónarmiðum að halda verði á sykri og sykurvörum niðri gegnum skattastefnu stjórnvalda. Benda má á að neysla gosdrykkja og sælgætis hjá Íslendingum er með því hæsta sem gerist í þessum heimshluta. Er þá börn og unglingar sérstaklega tilnefnd.

Smásöluverð á sykri á Norðurlöndum er víða allt að helmingi hærra en hérlendis. Þannig kemur glögg fram hvernig skattastefna stjórnvalda í nálægum löndum tekur mið af mannelldissjónarmiðum.

Í frumvarpinu koma fram efasemdir almennt um ágæti þess að lækka VSK af matvælum séð út frá sjónarhóli skattaeftirlits og skilvirkni kerfisins til innheimtu. Benda má á í því að fjölþrepa kerfi er við lýði í flestum nálægum löndum (allt að sex þrep á VSK) og reynslan hafi sýnt það að stóraukið eftirlit með framkvæmd virðisaukaskattskerfisins er nauðsynlegt, hvað sem líður þessari breytingu. Ef íslensk skattayfirvöld telja sig ekki ráða við það að takast á við þessa breytingu, þá verður að

efla starfsemi þeirra og styrkja, en ekki réttlæta ómarkvisst og ranglátt skattapólitískt kerfi með því að vísa til veikleika skattayfirvalda.

Óljóst er samkvæmt texta frumvarpsins hvernig eigi að reikna VSK á afurðasölu hjá bændum. Hve háan VSK á afurðastöð að greiða bændum á innlagðar afurðir? Bændur geta bæði selt afurðir sínar til úrvinnslustöðva (sláturhúsa og mjólkurstöðva) en einnig beint til neytenda (egg og grænmeti). Hvernig á að fara með útreikning VSK í seinna tilvikinu? Verða þeir bændur sem selja bæði til afurðastöðva og beint til neytenda að hafa tvöfalt uppgjör á búrekstri sínum (bæði með 14% skatti og 24.5% skatti? Hvaða VSK hlutfall eiga bændur að reikna sér af heimanotuðum búsafurðum? Þessi atriði þarf að ræða betur við starfsmenn fjármálaráðuneytinsins.

Það er ljóst að skammur tími er til stefnu og að erfitt mun vera að breyta kerfinu um áramótin, u.þ.b. 10 dögum eftir að löggin hafa tekið gildi. Það verður að teljast slælega að verki staðið af hálfu stjórnvalda að ekki skuli enn vera búið að ganga frá lagabreytingum varðandi helstu grundvallaratriðin í þessu sambandi fyrir, þar sem það lá fyrir um mitt ár að tekin urðu upp tvö þrep á VSK um áramót.

2. Álagning VSK á ferðaþjónustu.

Stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að leggja 14% VSK á ferðaþjónustu hérlendis. Þar er átt við útleigu gistiherbergja, starfsemi veitingahúsa, innanlandsflug og bílaleigur, svo dæmi séu nefnd.

Ferðaþjónusta hefur verið sú atvinnugrein hérlendis þar sem menn greina hvað líklegasta vaxtarmöguleika í annars þröngri stöðu íslenskra atvinnuvega. Ferðaþjónusta á Íslandi er í beinni og afar harðri samkeppni við ferðaþjónustu erlendis. Ísland er dýrt ferðamannaland og hlýtur ætíð að verða það, sökum legu sinnar, stærð landsins og fámennis þjóðarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá ferðaskrifstofum þá er stór hluti ferðamanna mjög meðvitaður um það verð sem þeir eru að greiða fyrir keypta vöru hverju sinni, og tiltölulega lítill verðmunur getur haft áhrif á ákvarðanatöku verulega stórs hluta ferðamanna. Því eru miklar líkur á því að jafnvel herra hlutfall ferðafólks velji aðra valkosti en íslenska ferðaþjónustu, en sem nemur verðhækkunm innanlands. Þetta á bæði við um erlenda ferðamenn og innlenda.

Sú ákvörðun að leggja VSK á innanlandsflug, sem ekki er í tengslum við flug erlendis, er beinn skattur á atvinnulíf á landsbyggðinni og íbúa þess. Langstærstur hluti þeirrar þjónustu sem veittur er á landsvísi er staðsettur í Reykjavík. Því þurfa bæði einstaklingar og fyrirtæki oft að ferðast með flugi til Reykjavíkur í þeim tilgangi að nýta sér umrædda þjónustu. Á sama tíma er hún innan seilingar fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Þetta mun leiða til þess að farþegum með innanlandsflugi mun fækka og hallarekstur á því aukast. Það leiðir aftur af sér að talið mun verða nauðsynlegt að skera niður innanlandsflug til að draga úr hallarekstri á því og halda einungis út þeim flugleiðum sem gefa bestar tekjur. Þannig mun þessi skattlagning leiða af sér að flugþjónusta við landsbyggðina mun minnka og verða enn dýrari. Hún er því enn eitt skrefið á þeirri vegferð að auka á ójafnvægi milli landsbyggðar og höfuðborgarinnar.

Ákvæðið um að leiga á húsnæði til lengri tíma en 4 vikna sé ekki virðisaukaskattskyld getur orsakað mismunandi samkeppnisstöðu. Til dæmis eru erlendir aðilar farnir að fálást eftir sumarþústöðum í langtímaleigu í þeim tilgangi að framleigja þá síðan erlendis. Þetta fyrirkomulag myndi falla fyrir utan álagningu VSK. Hætta er á að slíkt fyrirkomulag myndi aukast í kjölfar þessa frumvarps. Reglur varðandi þetta fyrirkomulag verða að vera mjög skýrar.

Húsnæði í þéttbýli er oft leigt út til ferðamanna á sumrin en til námsmanna á veturna. Þannig er mögulegt að sama húsnæðið væri leigt út með og án VSK á sama árinu ef velta fer yfir ákveðin mörk. Hvernig verður hægt að skilja þarna á milli og fylgjast með að reglum um innheimtu VSK sé framfylgt? Reglur verða að vera skýrar þar um.

Skilgreiningar á pakkaferðum eru alsendis ófullnægjandi. Verður hægt að selja "bætt" veiðileyfi, þ.e. veiðileyfi sem fela í sér ókeypis gistingu og máltíðir, sem félli alfarið fyrir utan VSK álagningu?

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gera útleigu tjaldstæða skattskylda. Þannig er verið að leggja tjaldstæði til jafns við gistiþjónustu í hefðbundnum skilningi þess orðs. Leiga tjaldstæða er leiga á landi, en ekki leiga á mannvirkjum. Þannig er það ósambærilegt við hefðbundna gistiþjónustu.

3. Tryggingargjald.

Lagt er til að tryggingargjald í landbúnaði hækki um 0.35% eða úr 2.5% upp í 2.85%. Þetta þýðir um 14% hækkun á tryggingargjaldi í landbúnaði en hjá öðrum um 5.8%. Tryggingargjald sem landbúnaðurinn greiðir er nú á bilinu 140 - 150 milljónir króna. Þessi hækkun þýðir því um 20 milljón króna nýjar álögur á landbúnaðinn. Stéttarsamband bænda telur að atvinnuvegurinn og þeir sem starfa við hann sé ekki í stakk búinn til að bera slíkar álögur, eins og staðan er í dag. Hér er verið að taka til baka í formi skattlagningar hluta aðstöðugjaldsins sem afnumið var um sl. áramót og átti að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Í frumvarpinu er ekki minnst á 0.2% gjald vegna kauptryggingar vegna gjaldþrota fyrirtækja, en gera verður ráð fyrir því að það haldi sér áfram.

Erfitt reyndist að fá handfastar skilgreiningar á þeim réttindum sem bændur öðlast með greiðslu þessa gjalds, en þó tókst að ná ákveðnum áfanga með nýlegum lögum um atvinnuleysisbætur.

4. Tollar á innfl. feiti og olíur.

Í frumvarpinu er lagt til að leggja tolla á innflutta feiti og olíur, eftir því sem heimilt er skv. GATT samningum, eins og segir þar. Nú hefur heyrst í fréttum að það sé óheimilt að leggja tolla á innflutta feiti og olíur skv. GATT samningum. Hvað er hið rétta í þessu máli?